

Auglýsing um hreindýraveiðar árið 2006

Heimilt er að veiða allt að 909 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 2006, auk hreindýrakálfa sem fylgt hafa fellnum kúm, en þá skal fella sé þess kostur. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðheimilda.

Umhverfisstofnun getur heimilað tarfaveiði frá 15. júlí, en þó með þeim fyrirvara að fram til 1. ágúst séu tarfar ekki veiddir ef þeir eru í fylgd með kúm eða ef veiðar trufla kúr og kálfa í sumarhögum. Veturgamlir tarfar eru alfríðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðheimilda.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 2006 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár í Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hólkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.

Veiðheimildir árið 2006 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Kúr	Tarfar	Alls
Svæði 1	5	50	55
Svæði 2	276	219	495
Svæði 3	20	24	44
Svæði 4	19	0	19
Svæði 5	30	50	80
Svæði 6	11	38	49
Svæði 7	32	60	92
Svæði 8	20	20	40
Svæði 9	21	14	35
Samtals:	434	475	909

Veiðisvæðin skiptast þannig eftir sveitarfélögum:

Svæði 1 Vopnafjarðarhreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, þ.e. Jökuldalur norðan Jökulsár á Brú og Jökulsárhlíð

Svæði 2 Fljótsdalshreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, þ.e. Jökuldalur austan Jökulsár á Brú, Hróarstunga, Fell, Vellir vestan Grímsár og Skriðdalur vestan Grímsár.

Svæði 3 Borgarfjarðarhreppur og hluti Fljótsdalshéraðs þ.e. Hjaltastaðapinghá og Eiðapinghá.

Svæði 4 Mjólfjörður, Seyðisfjörður og hluti Fljótsdalshéraðs, þ.e. Vellir austan Grímsár.

Svæði 5 Fjarðabyggð, þ.e. Eskifjörður, Norðfjörður og Reyðarfjörður

Svæði 6 Breiðdalshreppur og hluti Fljótsdalshéraðs, þ.e. Skriðdalur austan Grímsár.

Svæði 7 Djúpvogshreppur, áður Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur

Svæði 8 Hornafjörður, áður Bæjarhreppur og Nesjahreppur

Svæði 9 Hornafjörður, áður Mýrahreppur og Borgarhafnarhreppur (Suðursveit)

Þrátt fyrir skiptingu veiðheimilda eftir veiðisvæðum getur

Umhverfisstofnun, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, heimilað veiðar á hreindýrum skv. veiðheimildum svæða 1, 6 og 7 á svæði 2 og öfugt, enda telji þessir aðilar ástæðu til að ætla að hreindýr hafi fært sig milli veiðisvæða í samræmi við það.

Jafnframt er stofnuninni heimilt að færa einstakar veiðheimildir milli svæða 4 og 5 svo og milli svæða 7 og 8, þyki sýnt að hjarðir hafi fært sig milli þessara veiðisvæða.

Veiðikvóta á svæði 4 skal eftir því sem hægt er veiða í Seyðisfirði.

Veiðikvóta á svæði 9 skal eftir því sem hægt er veiða í Suðursveit meðan dýrin halda sig þar, annars á Mýrum ef hægt er.

Veiðheimildir þessar eru auglýstar í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sbr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

Umhverfisráðuneytið, 21. desember, 2005